

# Minnisblað

**Dags.:** 21. október 2024  
**Efni:** Ungmennabúðir í Skógaskóla  
**Viðtakendur:** Eigendur Ytri-Skóga  
**Sendandi:** Jóhannes Gissurarson, oddviti Skaftárhrepps

## Upphafið:

Haustið 1949 hófst skólastarf í Skógaskóla, í glæsilegri byggingu sem hönnuð var af Guðjóni Samúelssyni þáverandi húsameistara ríkisins.

Varð þar með að veruleika gömul hugsjón um Héraðsskóla Rangæinga og Vestur-Skaftfellinga. Hugsjón sem lengi hafði brunnið mörgum góðum mönnum fyrir brjósti. Lög um skólann höfðu árið 1940 verið samþykkt á Alþingi og í ársbyrjun 1944 afhentu þáverandi eigendur Ytri-Skóga sýslumönnum Rangæinga og Skaftfellinga jörðina að gjöf, gegn því að þar yrði reist skólasetur og að samhliða skólanum yrði rekið skólabú á jörðinni. Þessi merka bygging setur sterkan svip á byggðakjarnann í Skógum og er tákn um horfna tíma.

Það var fyrir einstaka hugsjón eigenda Ytri-Skóga á sínum tíma að Skógaskóli varð að veruleika. Þeir gáfu landið með þeim fyrirvara að þarna yrði byggð upp menntastofnun, sem raunin varð. Menntastofnun sem starfrækt var frá árinu 1949-1999. Síðan þá hefur ekkert menntastarf farið fram í húsnaðinu að frátaldri sundkennslu sem var þar um nokkurt skeið eftir að saga Skógaskóla sem menntastofnun leið undir lok.

## Staðan í dag:

Nú 25 árum síðar þegar Skógaskóli stendur enn tómur stærstan hluta ársins hlýtur að vera kominn sá tímapunktur að velta fyrir sér hvernig gera megí þessari sögulegu byggingu hærra undir höfði. Þá er um að gera að líta aftur í tímann og minnst þess á hvaða forsendum landið sem byggingin stendur á var gefin. Að þar yrði rekin menntastofnun. Hér mætti t.d. líta til þess frábæra verkefnis sem Ungmennafélag Íslands (UMFÍ) hefur sinnt með rekstri ungmennabúða.

## Ungmennabúðir:

Ungmennafélag Íslands starfrækti ungmennabúðir á Laugavatni þar til í byrjun árs 2023. Eftir að mygla og rakaskemmdir komu upp í húsnaðinu þurftu þau frá að hverfa í ljósi þess að Bláskógabyggð sem á húsnaðið var ekki tilbúið til að fara í þær framkvæmdir sem voru nauðsynlegar til að halda starfsemi áfram. UMFÍ var boðið að kaupa húsnaðið en það þótti of stór skuldbinding. UMFÍ hefur á þessari stundu ekkert húsnaði til umráða á Suðurlandi.

Nú er eini staðurinn sem UMFÍ rekur ungmennabúðir að Reykjum í Hrutafirði. Þangað sækja um 3.200 nemendur úr 7. bekk á hvert af öllu landinu og dvelja frá mánudegi til fimmtudags. Í búðunum fá nemendur tækifæri til að efla leiðtogaþæfni og sjálfsmynd sína. UMFÍ er þar með 8 starfsmenn úr heimabyggð (Húnaþingi vestra) í vinnu samtals eru 10 stöðugildi sem starfa við búðirnar. Þar hafa einnig ungmennaráðstefnur UMFÍ verið haldnar árlega og nú síðast sóttu 100 ungmenni ráðstefnuna Ungt fólk og lýðheilsa í september síðast liðnum.

**Vinnsla minnisblaðs:**

Við vinnslu minnisblaðsins var haft samband við Ungmennafélag Íslands (UMFÍ) og kannað á hvaða forsendum þau væru tilbúin til að reka ungmennabúðir í Skógaskóla. Þar kom fram að hugmyndir sem hafa verið upp hjá UMFÍ um nokkurt skeið að starfrækja aftur ungmennabúðir fyrir nemendur í 9. bekk. UMFÍ hefur skoðað nokkur húsnæði á síðastliðnum mánuðum. Það liggur jafnframt fyrir að til þess að hægt sé að halda úti slíkri starfssemi þá þarf rekstrarstyrkur til starfsseminnar að vera til staðar. Þær aðstæður sem UMFÍ hefur skoðað hingað til hafa verið húsnæði sem hafa verið of dýr til þess að forsendur séu fyrir því að skoða málin nánar.

**Lokaorð:**

Það liggur fyrir að viðhaldsþörf á húsnæði Skógaskóla er umtalsvert. En það er einnig ljóst að ungmennabúðir í Skógaskóla yrði glæsilegt og jákvætt verkefni fyrir eigendur Ytri-Skóga til að koma að.

Verkefnið er einnig atvinnuskapandi og er til þess fallið að auka fjölbreytni í atvinnulífi í Skógum og nærsamfélögum, þar sem nú er fyrst og fremst stunduð ferðaþjónusta. Skógar er þar að auki frábær staður til útvisar og myndi bjóða upp á mörg tækifæri til útikennslu kæmi það til að ungmennabúðir yrðu starfræktar í Skógaskóla.

Rangárvallasýsla og Vestur-Skaftafellssýsla var á sínum tíma gefin jörðin Ytri-Skógar með því skilyrði að þar yrði byggt upp menntasetur. Velta má fyrir sér nú 75 árum síðar hvort það væri ekki afar viðeigandi að sveitarfélögin í þessum sýslum myndu eignast skólahúsnæðið. Setjum Skógaskóla á kortið á nýjan leik og tryggjum þar ungmenna- og æskulýðsstarf til framtíðar.

Ekki er hægt að minnast á Ytri-Skóga án þess að minnast á Byggðasafnið í Skógum. Sjá má heimildir fyrir því meðal annars í Sunnlenskum byggðum IV að byggðasafnið er ætíð skilgreint sem afsprengi að Skógaskóla. Þau ár sem Skógaskóli hefur ekki verið starfræktur hefur byggðasafnið litið eftir byggingum og innanstokksmunum skólans. Í raun má því segja að Skógaskóli sé og gæti verið kærkomin viðbót við starfsemi byggðasafnsins.

Lagt er til að eigendur Ytri-Skóga kaupi eða fari í viðræður við eigenda Skógaskóla um framtíðar nýtingu hans.